

# Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

---

Ársreikningur

---

2021

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands  
Austurstræti 11  
101 Reykjavík  
kt. 430269-1519

## Efnisyfirlit

---

Skýsla stjórnar	2 - 5
Áritun óháðs endurskoðanda	6 - 8
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	12
Skýringar	13 - 32
Stjórnarháttayfirlýsing	33 - 34
Sérgreind yfirlit deilda	35 - 37

# Skýrsla stjórnar

## Um Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í örðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingum þeirra lífeyrir samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign sjóðsins í árslok 2021 nam kr. 9.009.659.702 og hafði hækkað um kr. 1.140.356.584 frá árslokum 2020. Hrein eign séreignardeilda sjóðsins í árslok 2021 nam kr. 6.768.408.488 og hafði hækkað um kr. 819.607.127 frá árslokum 2020. Hrein eign samtryggingardeilda sjóðsins í árslok 2021 nam kr. 2.241.251.214 og hafði hækkað um kr. 320.749.457 frá árslokum 2020.

## Fjöldi sjóðfélaga, iðgjöld og lífeyrir

Í lok árs 2021 voru 381 sjóðfélagar í séreignardeild og hafði þeim fjöldað um 13 frá fyrra ári. Þá voru 382 sjóðfélagar í samtryggingardeild í árslok 2021 og hafði sjóðfélögum fjöldað um 16 frá fyrra ári.

Lífeyrispégarséreignardeilda á árinu 2021 voru 57 talsins samanborið við 53 á árinu 2020. Lífeyrispégarsamtryggingadeilda á árinu 2021 voru 31 talsins samanborið við 27 á árinu 2020. Greiddur lífeyrir á árinu 2021 nam samtals kr. 171.768.217 samanborið við kr. 182.909.837 á árinu 2020. Á árinu var greiddur örorkulífeyrir að fjárhæð kr. 3.320.914, makalífeyrir að fjárhæð kr. 448.377, barnalífeyrir að fjárhæð kr. 3.440.151 og eftirlaun samtals að fjárhæð kr. 166.864.430.

Á árinu 2021 námu greidd iðgjöld kr. 385.586.479 samanborið við kr. 351.418.476 á árinu 2020. Á árinu 2021 námu greidd iðgjöld í sameignardeilda kr. 112.827.287. Iðgjöld í séreignardeilda námu kr. 272.759.192 á árinu 2021.

Á árinu voru haldnir 9 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var í júní. Á árinu 2021 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður bankans. Laun til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu kr. 5.652.195 á árinu 2021 samanborið við kr. 5.167.850 á árinu 2020.

## Ávöxtun ársins 2021

Nafnávöxtun deilda Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands árið 2020 var á bilinu 11,4-11,7% en verðbólga á tímabilinu nam 4,8%.

## Nafnávöxtun ávöxtunarleiða sjóðsins

	2021	2020	2019
Séreignardeild	11,7%	11,5%	12,6%
Samtryggingardeild	11,4%	11,8%	12,3%

Árið 2021 styrktist gengisvísalta íslensku krónunnar um 2,5%. Evran styrktist um 5,8% á árinu og almennt var meiri gengisstöðugleiki en árið 2020. Hlutdeild Seðlabankans í veltunni á millibankamarkaði með gjaldeyri var 21% árið 2021 til samanburðar við 37% árið 2020. Hrein kaup lífeyrissjóða á gjaldeyri voru 54 ma.kr. sem er sambærileg tala og árið áður. Gengið var lægst á evrunni í janúar en styrktist síðan og var hæst í byrjun júní. Styrkinguna má rekja m.a. til gjaldeyrisinnflæðis af ferðaþjónustu og fjármagnsinnflæði vegna kaupa erlendra aðila á hlutabréfum í Íslandsbanka í júní. Gengi krónunnar tók síðan að lækka samhliða verri horfum í ferðaþjónustu, fjármagnsútfleði og verri verðbólguhorfum. Aukinn loðnukvóti var tilkynntur í október og vextir voru hækkaðir af Seðlabankanum í nóvember og í kjölfarið styrktist krónan. Á árinu voru sett ný lög um gjaldeyrismál sem tóku endanlega af þau fjármagnshöft sem voru sett í nóvember 2008. Lögin fólu það í sér að sérreglur um aflandskrónur voru felldar úr gildi og afleiðuviðskipti með íslensku krónuna voru heimiluð að fullu, þó reglur Seðlabankans setji ákveðnum viðskiptum þó takmörk en brúttó framvirk gjaldeyrisstaða hvers viðskiptabanka má ekki fara yfir 50% af eiginfjárgrunni.

# Skýrsla stjórnar

---

Viðskiptahalli á viðskiptum við útlönd nam 2,8% af landsframleiðslu 2021. Verðbólga hefur aukist hratt, fyrst og fremst vegna hækkandi íbúðaverðs innanlands en einnig vegur þungt sú hækkun sem orðið hefur á orkuverði og truflun á framboði hinna ýmsu vara vegna heimsfaraldursins.

Meginvestir Seðlabankans voru í sögulegu lágmarki í ársbyrjun 2021, 0,75%. Í maí hófst vaxtahækkunarferli og vextir hækkuðu fjórum sinnum fyrir árslok en þá voru meginvestir komnir í 2%. Hagvöxtur var 4,3% árið 2021 samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofu Íslands. NOMXIBB, heildarvísitala markflokka ríkisskuldbréfa, hækkaði um 1,2% á árinu. Vísitala verðtryggðra ríkisbréfa með 10 ára líftíma hækkaði um 7,9% en vísitala óverðtryggðra bréfa til 10 ára lækkaði um 2,5%. Vísitolur með 5 ára líftíma hækkuð fyrir verðtryggð ríkisbréf um 6,7% en lækkuðu fyrir óverðtryggð ríkisskuldbréf um 2%. Álag ávöxtunarkröfu fyrirtækjaskuldbréfa, sértryggðra skuldbréfa og skuldbréfa sveitarfélaga ofan á ávöxtunarkröfur ríkisskuldbréfa lækkaði og var ávöxtun þessa skuldbréfaflokka almennt hærri en ríkisskuldbréfa á árinu. Skuldbréfavísitalan KVIKAXGOVI hækkaði til dæmis um 6,7%.

Miklar hækkanir voru á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu 2021, heildarverðvísitala kauphallarinnar (OMXIP) hækkaði um 40,2%. Hækkaði verð allra félaga sem skráð eru á aðallista kauphallarinnar, mest hækkun varð á gengi bréfa Arion 100,5%, minnst hækkun varð á gengi bréfa Marel eða 10,9%. Fjögur félög héldu frumútboð á árinu, Íslandsbanki og Síldarvinnslan voru skráð á aðallista kauphallarinnar, Play og Solid Clouds voru skráð á First North markað kauphallarinnar. Þetta var fyrsta skrefið í sölu ríkisins á Íslandsbanka en ríkið seldi 35% hlut á árinu. Ávöxtun hlutabréfa Íslandsbanka og Síldarvinnslunni var góð á árinu eða 59,7% og 68,3% frá almennum útboðsverðum.

Ávöxtun erlendra markaða var mismunandi eftir landsvæðum og atvinnugreinum, heimsvísitala erlendra hlutabréfa (MSCI World Index) hækkaði um 16,8% mælt í USD.

Vísitala erlendra skuldbréfa í fjárfestingarflokki (e. investment grade debt) (The Bloomberg Aggregate Index) lækkaði um 4,7% á árinu, mælt í USD.

## Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt útreikningum hans eru heildareignir samtryggingadeildar 338,8 m.kr. lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar eða -8,9%. Áfallin staða er jákvæð um 87,4 m.kr. eða sem nemur 4,4% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðarskuldbinding er um 426,2 m.kr. umfram eignir eða sem nemur -23,4%. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2020 var heildaskuldbinding sjóðsins jákvæð um 0,2%. Mikil breyting á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á milli ára skýrist af nýjum dánar- og eftirlifendatöflum sem gefnar voru út af fjármála- og efnahagsráðherra í lok árs 2021. Töflurnar byggja á tillögum Félags íslenskra tryggingarstærðfræðinga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

## Stjórnarhættir

Stjórn sjóðsins leggur áherslu á góða stjórnarhætti við daglega stjórnun og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett sjóðnum starfs- og siðareglur sem mæla fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem vinna fyrir hönd sjóðsins. Ber öllum að hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngírní í viðskiptum og efla traust sjóðfélaga og almennings á sjóðnum.

Starfsemi lífeyrissjóðsins byggir á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og öðrum lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda. Þá starfar sjóðurinn á grundvelli samþykkta sjóðsins og reglna sem sjóðurinn hefur sett sér, s.s. starfs- og siðareglna. Stjórnarháttayfirlýsing vegna starfsemi á árinu 2021 fylgir ársreikningnum.

## Áhættustýring

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands fylgir áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Í áhættustefnunni er skilgreindur áhættuvilji og áhættuþol lífeyrissjóðsins, skilgreining á þeim áhættuþáttum sem snerta sjóðinn og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra þeirri áhættu sem sjóðurinn tekur. Í áhættustýringarstefnunni er þeim aðferðum lýst sem sjóðurinn styðst við til að greina, meta og vakta þá áhættuþætti sem áhættustefnan nær til. Áhættuþáttum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt í fimm yfirflokk: fjárhagsáhættu, lífeyristryggingaráhættu, mótaðilaáhættu, lausafjáráhættu og rekstraráhættu. Hver yfirfokkur skiptist síðan niður á undirflokk. Eftirlit með áhættuþáttum er á hendi ábyrgðaraðila áhættustýringar lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands fylgir áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Í áhættustefnunni er skilgreindur áhættuvilji og áhættuþol lífeyrissjóðsins, skilgreining á

# Skýrsla stjórnar

---

## Ófjárhagslegar upplýsingar

### Umhverfisþættir

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Stefnuna má nálgast á heimasíðu sjóðsins. Stefnan tekur mið af reglum og öðrum stefnum sjóðsins, s.s. fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, starfs- og siðareglum og stjórnarháttayfirlýsingu. Tilgangur stefnu lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er að búa til skilvirkja og trúverðuga nálgun á álitaefnum er snúa að ábyrgum fjárfestingum en jafnframt leitast við að ná ásættanlegri arðsemi af fjárfestingum sjóðsins. Umhverfis- og samfélagsmál og stjórnarhættir eru allt mikilvægir liðir í mati lífeyrissjóðsins á fjárfestingum. Það er mat lífeyrissjóðsins að fyrirtæki sem taka tillit til þessara þátta í starfsemi sinni njóti ávinnings til lengri tíma litið.

### Félagslegir þættir

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er aðili að Landssamtökum lífeyrissjóða en samtökin gæta hagsmuna lífeyrissjóða sjóðfélaga þeirra. Á vegum samtakanna er unnið málefnaðarf með þátttöku starfsmanna lífeyrissjóðanna. Landsamtökin eru sameiginlegur málssvari lífeyrissjóða gagnvart stjórnvöldum.

### Starfsmannamál

Landsbankinn hf. er rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands. Enginn starfsmaður er hjá sjóðnum en allri starfsemi sjóðsins er útvistað til Landsbankans hf. Landsbankinn hefur skrifað undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles – Equality means Business), alþjóðlegt átak UN Women og UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbindur Landsbankinn sig til að vinna að bættum jafnréttismálum innan fyrirtækisins og sýna samfélagslega ábyrgð. Landsbankinn hefur sett sér jafnlaunastefnu sem aðgengileg er á heimasíðu bankans. Landsbankinn er aðili að Jafnréttisvísi Capacent. Jafnréttisvísin er stefnumótun og vitundarvakning á sviði jafnréttis þar sem staða jafnréttismála innan fyrirtækis er metin með ítarlegri greiningavinnu.

### Mannréttindamál

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur ekki sett sér sérstaka stefnu í mannréttindamálum. Stefna lífeyrissjóðsins varðandi ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment, (UN PRI) sem eru alþjóðleg samtök fjárfesta sem vinna saman að því að innleiða tiltekin grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar og njóta til þess stuðnings Sameinuðu þjóðanna.

### Spillingar- og mútumál

Engin spillingar eða mútumál hafa komið upp hjá Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands. Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér starfs- og siðareglur sem aðgengilegar eru á heimsíðu sjóðsins. Reglurnar mæla fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem vinna fyrir hönd sjóðsins og hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust sjóðsfélaga og almennings á sjóðnum.

### Viðskiptalíkan

Starfsemi lífeyrissjóðsins lýtur að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er séreignasjóður og býður sem slíkur upp á samþættingu lífeyrirséttinda í samtryggingu og séreign.

### Önnur mikilvæg atriði

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands metur öll verðbréf á markaðsverði.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

# Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2022

## Stjórn

Sigurgísli Ingimarsson

Gísli Vilhjálmsson

Heiðdís Halldórsdóttir

Margrét Helgadóttir

Sæmundur Pálsson

## Framkvæmdastjóri

Ólafur Páll Gunnarsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021, breytingu á handbæru fé á árinu 2021 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Óhæði

Við erum óháð Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Eftir okkar bestu vitund, þá höfum við ekki veitt lífeyrissjóðnum neina óheimila þjónustu sem endurskoðendur lífeyrissjóðsins samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5.1. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

### Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðuðnina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2021. Þessi atriði voru yfirlarini við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig

#### a) Mat og tilvist á eignarhlutum í félögum, sjóðum og skuldabréfum

Verðmæti eignarhluta í félögum og sjóðum nam 4.305 m.kr. og verðmæti skuldabréfa nam 4.444 m.kr. í árslok 2021. Mat og tilvist þessara eigna telst vera lykilatriði við endurskoðun okkar þar sem um stærsta einstaka lið reikningsskilanna er um að ræða. Við endurskoðun okkar þá staðfestum við mat og tilvist fjárfestinga með ytri staðfestingum, yfirlórum mat stjórnenda og lögðum mat á eignaflokkun í ársreikningi og viðeigandi skýringar.

#### b) Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 3.822 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 2.958 m.kr. í árslok 2020. Tryggingafræðileg staða nam -8,9% í lok árs 2021 þar sem skuldbindingar voru umfram eignir samanborið við 0,2% í lok árs 2020. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfsmaður sjóðsins. Við endurskoðun okkar þá fengum við staðfestingu á óhæði frá tryggingastærðfæðingi og lögðum mat á hæfni hans, yfirlórum ferlið við útreikninga auk þess sem að niðurstöður voru rýndar, framkvæmdum aðgerðir til þess að sannreyna forsendur og útreikninga, yfirlórum næmnigreiningu, yfirlórum yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2021 og tengdar skýringar.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sjóðurinn birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sjóðurinn gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar sem fylgir ársreikningi og stjórnarháttayfirlýsing. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sjóðsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötvu allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef síðar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglina um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

## Ráðning endurskoðanda

Við vorum upphaflega kosin sem endurskoðendur Lifeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2015 og höfum við verið endurkjörin á hverju ári síðan þá.

Reykjavík, 28. apríl 2022

Baker Tilly



Kristinn Kristjánsson  
endurskoðandi

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2021

---

	Skýr.	2021	2020
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		114.508.868	106.039.838
Iðgjöld launagreiðenda .....		271.077.611	244.965.249
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		0	413.388
		<u>385.586.479</u>	<u>351.418.476</u>
Sérstök aukaframlög .....	3	2.764.032	2.051.945
		<u>388.350.511</u>	<u>353.470.421</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Heildarfjárhæð lífeyris .....	4	171.768.217	182.909.837
Sérstök inngreiðsla inn á lán sjóðfélaga .....		7.313.273	6.116.002
Framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð .....		2.083.294	1.841.361
		<u>181.164.784</u>	<u>190.867.200</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	5	729.492.117	527.401.129
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	6	226.306.641	310.490.789
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .....		11.250	0
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé .....		1.194.849	-9.309.691
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....		320.789	590.528
Fjárfestingagjöld .....	7	-5.117.734	-4.807.651
		<u>952.207.912</u>	<u>824.365.104</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	19.037.055	16.241.845
		<u>19.037.055</u>	<u>16.241.845</u>
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....</b>		1.140.356.584	970.726.480
<b>Hrein eign frá fyrra ári .....</b>		<u>7.869.303.118</u>	<u>6.898.576.639</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b>		<u>9.009.659.702</u>	<u>7.869.303.118</u>

## Efnahagsreikningur 31.12.2021

---

<b>Eignir</b>		<b>2021</b>	<b>2020</b>
<b>Fjárfestingar</b>			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	9	4.304.740.639	3.251.291.233
Skuldabréf .....	10	4.443.941.400	4.361.070.905
Veðlán .....	10	<u>36.989.227</u>	<u>40.307.750</u>
		<u>8.785.671.266</u>	<u>7.652.669.888</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	15	13.789.543	10.289.969
Aðrar kröfur .....	16	<u>315.726</u>	<u>187.095</u>
		<u>14.105.269</u>	<u>10.477.064</u>
Handbært fé .....			
		<u>221.922.556</u>	<u>213.433.584</u>
<i>Eignir</i>		<u>9.021.699.091</u>	<u>7.876.580.536</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	17	<u>12.039.389</u>	<u>7.277.418</u>
		<u>12.039.389</u>	<u>7.277.418</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls .....</b>			
		<u>9.009.659.702</u>	<u>7.869.303.118</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>			
Séreignardeild .....		6.768.408.488	5.948.801.361
Samtryggingardeild .....		<u>2.241.251.214</u>	<u>1.920.501.757</u>
		<u>9.009.659.702</u>	<u>7.869.303.118</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi 2021

	2021	2020
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	384.844.746	346.182.404
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....	494.952	3.260.708
Aðrar inngreiðslur .....	<u>1.319.809</u>	<u>15.213</u>
	<u>386.659.507</u>	<u>349.458.325</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	169.269.736	188.274.208
Rekstrarkostnaður .....	18.850.668	16.158.499
Sérstök inngreiðsla inn á lán .....	7.313.273	6.116.002
Aðrar útgreiðslur .....	<u>6.520.766</u>	<u>4.824.624</u>
	<u>201.954.443</u>	<u>215.373.333</u>
<b>Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga .....</b>	<b><u>184.705.064</u></b>	<b><u>134.084.992</u></b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	8.382.560	5.061.529
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	-770.568.133	-502.204.226
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	438.518.470	650.413.784
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....	329.087.184	509.793.706
Keypt skuldabréf .....	-357.486.135	-1.429.305.863
Seld skuldabréf .....	<u>175.153.620</u>	<u>776.041.798</u>
	<u>-176.912.434</u>	<u>9.800.728</u>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>7.792.630</b>	<b>143.885.720</b>
<b>Gengismunur af handbæru fé .....</b>	<b>696.342</b>	<b>-11.929.032</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>	<b><u>213.433.584</u></b>	<b><u>81.476.896</u></b>
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>	<b><u>221.922.556</u></b>	<b><u>213.433.584</u></b>

# Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2021

## Tryggingafræðileg staða 2021

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir</b>			
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	2.241.251.214		2.241.251.214
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa .....	-149.409.439		-149.409.439
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa .....			0
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....			0
Núvirði framtíðariðgjalda .....		1.391.464.614	1.391.464.614
Eignir samtals .....	2.091.841.775	1.391.464.614	3.483.306.389
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir .....	1.637.297.985	1.390.927.556	3.028.225.541
Örorkulífeyrir .....	246.080.029	317.800.298	563.880.327
Makalífeyrir .....	85.213.608	47.864.412	133.078.020
Barnalífeyrir .....	3.832.596	9.715.145	13.547.741
Rekstrarkostnaður .....	32.050.925	51.312.245	83.363.170
Skuldbindingar samtals .....	2.004.475.143	1.817.619.656	3.822.094.799
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b> .....	87.366.632	-426.155.042	-338.788.410
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok</b> .....	4,4%	-23,4%	-8,9%
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun</b> .....	10,3%	-10,9%	0,2%

## Tryggingafræðileg staða 2020

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir</b>			
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	1.920.501.757		1.920.501.757
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa .....	-152.460.934		-152.460.934
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa .....	-36.180.154		-36.180.154
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....	-23.069.474	-40.252.105	-63.321.579
Núvirði framtíðariðgjalda .....		1.295.572.577	1.295.572.577
Eignir samtals .....	1.708.791.195	1.255.320.472	2.964.111.667
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir .....	1.252.687.810	1.040.187.036	2.292.874.846
Örorkulífeyrir .....	211.425.057	299.132.277	510.557.334
Makalífeyrir .....	85.580.186	58.805.245	144.385.431
Barnalífeyrir .....	0	10.239.974	10.239.974
Skuldbindingar samtals .....	1.549.693.053	1.408.364.532	2.958.057.585
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b> .....	159.098.142	-153.044.060	6.054.082
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok</b> .....	10,3%	-10,9%	0,2%
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun</b> .....	8,4%	-10,6%	-0,7%

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingum þeirra lífeyri samkvæmt samþykkum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

### Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna ellí, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Aðilar að Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands eru starfandi tannlæknar og makar þeirra. Þeim starfandi tannlæknum sem skylt er að vera í öðrum lífeyrissjóði, er þó heimilt að vera í þessum sjóði, ef þeir hafa tekjur af tannlæknungum, sem þeir greiða ekki iðgjöld af í hinn sjóðinn. Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2022 er stefnt að því að fjárfesta 46,0% í innlendum skuldabréfum, 5,0% í erlendum skuldabréfum, 7,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 2,0% í innlendum framtaksfjárfestingum og 40,0% í erlendum hlutabréfum.

### Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Stefnt er að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmrar tímabil. Fjárfestingarstefnan mótask af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifær í bjöðast á verðbréfamörkuðum. Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2022 er stefnt að því að fjárfesta 46,0% í innlendum skuldabréfum, 5,0% í erlendum skuldabréfum, 7,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 2,0% í innlendum framtaksfjárfestingum og 40,0% í erlendum hlutabréfum.

### Lífeyrissréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrissréttinda í samtryggingu ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykkum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í samtryggingu með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft ahrif á lífeyrissréttindi, því sjóðnum er skylt að auka skerða lífeyrissréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrissréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeiri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrissréttinda í séreign.

### Greiðsluleiðir

Munur greiðsluleiðanna liggar í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli samtryggingar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksíðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60. ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70. ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr samtryggingu hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr samtryggingu hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélags og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr samtryggingu hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloða. Samtryggingin tryggir sjóðfélögum ævillfeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

### Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

# Skýringar

## 1. Starfsemi (framhald)

### Áhættustýring

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands fylgir áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Stefnurnar eru byggðar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Í áhættustefnumi er skilgreindur áhættuvilji og áhættuþol lífeyrissjóðsins, skilgreining á þeim áhættuþáttum sem snerta sjóðinn og hvernig skuli greina, meta, vaka og stýra þeirri áhættu sem sjóðurinn tekur. Í áhættustýringarstefnumi er þeim aðferðum lýst sem sjóðurinn styðst við til að greina, meta og vaka þá áhættuþætti sem áhættustefnan nær til. Áhættuþáttum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt í fimm yfirflokkum: fjárhagsáhættu, lífeyristryggingaráhættu, mótaðiláhættu, lausafjáráhættu og rekstraráhættu. Hver yfirfokkur skiptist síðan niður á undirflokkum. Eftirlit með áhættuþáttum er á hendi ábyrgðaraðila áhættustýringar lífeyrissjóðsins.

Með fullnægjandi áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum aukast líkur á að starfsemi og tryggingafræðileg staða hans sé í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum sjóðfélaga. Horft er til þess að áhættustýring sé ferli sem stuðlar að aukinni meðvitund, skilvirkni og árangri, ásamt því að stuðla að því að lögum og reglum sé framfylgt. Árangursríkt áhættustýringarferli samanstendur af áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, ferli og skýrslugjöf þar sem megin tilgangur er að greina, mæla, fylgjast með og meta, í samfelli sem og eftir atvikum greiningu, allar áhættur sem snúa að sjóðnum og sjóðfélögum. Þegar varð verður við tiltekna áhættu, þarf að taka meðvitaða ákvörðun um það hvort forðast skuli áhættuna, draga úr áhættunni, yfirfæra áhættuna yfir á gagnaðila eða taka meðvitað áhættuna. Áhættustýring er ferli sem er samofin daglegum rekstri og ákvarðanatökum innan sjóðsins. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um þær áhættur sem snúa að sjóðnum. Líta skal á innri endurskoðun sem mikilvægan hluta af því ferli.

**Lífeyristryggingaráhættu** er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutiðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Lífeyristryggingaráhættu nær aðeins til samtryggingardeildar. Undirflokkar lífeyristryggingaráhættu eru: áhætta tengd eigna og skuldbindingarjöfnuði, lýðfræðileg áhætta og iðgjaldaáhætta.

Í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs án ábyrgða, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum og með sama hætti ef þessi munur hefur haldist 5% eða meiri samfellt í 5 ár. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs er munur á eignum sjóðsins og reiknuðum skuldbindingum. Áhættuþáttum er því hægt að skipta í tvennt; áhættu sem tengist eignum sjóðsins og áhættu sem tengist skuldbindingum sjóðsins. Áhættuþættir sem tengjast skuldbindingum sjóðsins eru einkum þessir: Auknar lífslíkur, aukin örorka og breytt ávöxtunarkrafa sem notuð er til núvirðingar á skuldbindingum. Áhættuþættir sem tengjast eignum sjóðsins eru einkum þessir: Lækkun markaðsvírðis verðbréfa, verðbólga, þróun gjaldmiðla og aðrir þættir sem hafa áhrif á markaðsvírði eigna lífeyrissjóðsins.

Við mat á lífeyristryggingaráhættu er gert árlegt álagspróf á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðsins. Álagsprófið er tvískipt, annars vegar á skuldbindingum sjóðsins og hins vegar á eignum. Útreikningur á mismunandi forsendum skuldbindinga sjóðsins og eigna er framkvæmdur af tryggingastærðfræðingi sjóðsins.

	Tryggingafræðileg staða 2021	Tryggingafræðileg staða 2020
Núverandi staða.....	-8,86%	-0,06%
Tryggingafræðileg krafa lækkar úr 3,5% í 3%.....	-18,19%	-9,94%
Dánartíðni lækuð um 20%.....	-14,77%	-8,76%
Örorkulíkur auknar um 10%.....	-9,63%	-1,65%
Vísitala neysluverðs, hækkan ársins aukin um 0,5%.....	-9,01%	-0,19%
Gengisvísitala lækkar um 10%.....	-10,81%	-1,96%
Fasteignaverðtryggð skuldbréf lækka um 10%.....	-8,86%	-0,06%
Markaðsskuldbréf lækka um 10%.....	-11,94%	-3,84%
Erlend hlutabréf lækka um 10%.....	-10,66%	-1,74%
Innlend hlutabréf lækka um 10%.....	-9,55%	-0,64%

# Skýringar

## 1. Starfsemi (framhald)

